



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps í Végarði 30. janúar 2017 kl. 17:30.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson (í símasambandi)

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Geldingafell. Deiliskipulag.

Farið var yfir uppdrátt og greinargerð deiliskipulagsins. Einnig var farið yfir umsagnir og athugasemdir sem borist hafa frá umsagnaraðilum. Höfundur skipulagsins hefur orðið við þeim ábendingum sem koma fram í umsögnum með viðbótum og breytingum á greinargerð og uppdrætti.

Nefndin bendir á eftirfarandi skáletraðan texta í greinargerðinni og spyr. Hvaða skilning á að leggja í markmiðin um bættu aðstöðu úr því að ekkert á að gera í vatnsveitu- og fráveitumálum ?? Vísað er í kafla 3.1 Markmið, þar sem segir: *Markmið deiliskipulagsins er að bæta bæði aðstöðu landvarða og ferðamanna á svæðinu.* Síðar í köflum, 3.5 Neysluvatn og 3.7 Fráveita og sorp segir:

Engin vatnsveita er á svæðinu og ekki er stefnt að gerð hennar. Þó er sá möguleiki fyrir hendi, fjölgi ferðamönnum, að leiða vatn úr nálægri á í krana á svæðinu. Þá yrði að merkja skýrum hættu að ekki væri um vatnsveitu að ræða heldur aðeins vatn til upphitunar og þvotta en yrði að sjóða fyrir neyslu.

Engin fráveita er á svæðinu og ekki er stefnt að gerð hennar. Þurrsalerni er á svæðinu sem er tæmt með reglulegu millibili. Gert er ráð fyrir því að nýjar snyrtingar á svæðinu verði útbúnar með þurrsalernum.

Ekki er gert ráð fyrir sorpmóttöku á svæðinu heldur er ætlast til þess að notendur skálans flytji með sér allt sorp.

Í framhaldi af þessum tilvitnunum má síðan benda á niðurlag í umsögn HAUST.

Sé gert ráð fyrir að aðsókn að Geldingafellsskála verði svipuð á næstu árum og verið hefur á undanförunum árum gefur það væntanlega ekki tilefni til mikilla framkvæmda á svæðinu. Verði hins vegar mikil aukning á aðsókn, sem kallar á viðveru landvarðar og byggingu á aðstöðu fyrir hann, má gera ráð fyrir að það kalli á úrbætur í vatnsveitu- og fráveitumálum. Þrátt fyrir þessar hugleiðingar telur nefndi ekki ástæðu til að hafa áhrif á afgreiðsluferli deiliskipulagsins.

Byggingar- og skipulagsnefnd gerir ekki tillögur um breytingar á uppdrætti og greinargerð deiliskipulagsins og samþykkir það fyrir sitt leyti.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:40

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf

Helga H. Vigfúsdóttir

FLJÓTSDALHREPPUR – BYGGINGARFULLTRÚI
Végarði, 701 Egilsstaðir